

Diplóma í rekstrariðnfræði (fyrsta þrep, stig 1)

Rekstrariðnfræði er eins árs nám (2 annir) samhliða vinnu og er kennt í fjarnámi. Námið er 30 ECTS einingar. Öll námskeið eru 6 ECTS.

Námið er hagnýtt rekstrarnám sem er byggt ofan á hagnýta tæknimenntun í iðnfræði. Helstu námsgreinar eru fjármál fyrirtækja, hagfræði, fjármálastjórnun, rekstrargreining, nýsköpun og stofnun fyrirtækja. Lögð er áhersla á höfuðgreinar rekstrarfræðinnar og raunhæf hagnýt verkefni tengd henni. Flestir kennaranna hafa mikla starfsreynslu við rekstur og stjórnun fyrirtækja.

Meginmarkmið námsins er að gera nemendur færa um að starfa við rekstur og stjórnun iðnaðar- og framleiðslufyrirtækja þar sem sóst er eftir rekstramenntun sem byggir á hagnýtri tæknimenntun.

Inntökuskilyrði er lokapróf í byggingar-, vél- eða rafiðnfræði. Að loknu námi hlýtur nemandinn prófgráðuna Diploma í rekstrariðnfræði.

Við námlok skulu eftirfarandi viðmið um þekkingu og færni vera uppfyllt, til viðbótar við þau viðmið sem uppfyllt voru í fyrra námi. Nánari upplýsingar s.s. hæfnisviðmið fyrir einstök námskeið, sjá kennsluskrá www.ru.is

ÞEKING OG SKILNINGUR

Að námi loknu skulu nemendur:

- hafa nægilega þekkingu og skilning á grundvallaratriðum í rekstrar- og þjóðhagfræði, fjármálum og fjármálastjórnun, rekrargreiningu og nýsköpun og stofnun fyrirtækja til að geta leyst algeng og hefðbundin rekstrarvandamál.
- hafa næginlega almenna og samþætta þekkingu á sviði rekstrar og fjármála innan iðn- og framleiðslufyrirtækja til að geta greint vandamál á þeim sviðum.
-

TEGUND ÞEKkingAR

Að námi loknu skulu nemendur:

- hafa þekkingu á hverjir eru helstu þættir í rekstri og stjórnun fyrirtækja.
- hafa þekkingu á grunnviðfangsefnum í rekstri og stjórnun fyrirtækja.
- hafa þekkingu á algengustu lausnum í rekstrarvandamálum fyrirtækja.

HAGNÝT HÆFNI

Að námi loknu skulu nemendur geta:

- verið fjármála- eða framkvæmdastjórnar iðn- og framleiðslufyrirtækja
- staðið fyrir rekstri iðn- og framleiðslufyrirtækja
- greint helstu þætti í rekstri og stjórnun iðn- og framleiðslufyrirtækja og unnið með þá.
- starfað á rekstrarsviði iðn- og framleiðslufyrirtækja.
- stofnað ný fyrirtæki innan iðnaðar- og framleiðslugeirans.

FRÆÐILEG HÆFNI

Að námi loknu skulu nemendur:

- geta nýtt sér og samþætt þekkingu í námsgreinum á sviði rekstrarfræðinnar.
- hafa fengið heildaryfirsýn og innsæi í fagið þar sem þeir beita samþættri þekkingu við úrlausn verkefna í rekstrarfræðinni.
- hafa fengið þjálfun í sjálfstæðum og markvissum vinnubrögðum við úrlausn raunhæfra verkefna í rekstri iðn- og framleiðslufyrirtækja.

HÆFNI Í SAMSKIPTUM, UPPLÝSINGALESTRI OG MIÐLUN

Að námi loknu skulu nemendur geta:

- unnið með öðrum í hópi í leit að bestu lausnum.
- skipulagt, stýrt eða tekið þátt í hópverkefnum ásamt því að takast á við ágreining.
- miðlað til annarra upplýsingum úr bókhaldi einstaklinga og fyrirtækja, svo og upplýsingum um rekstur fyrirtækja.
- fjallað á skiljanlegan hátt um rekstur og fjármálastöðu fyrirtækja.

NÁMSHÆFNI

Að námi loknu skulu nemendur:

- geta notað þekkingu sína á kerfisbundinn hátt til lausnar á rekstrarfræðilegum vandamálum.
- geta beitt rekstrarfræðilegum aðferðum við að skilgreinina verkefni, afla upplýsinga og meta upplýsingar.
- geta lagt fram mögulegar lausnir og niðurstöður á fagmannlegan hátt.
- hafa nauðsynlega sjálfsstjórn og sjálfstæði til að hefja nám til hærri prófgráðu, þ.e. á BSc stigi.